

Nr. 097 / 16 Jaki SF**Ásigling á ís og farþegar slasast**

Skipaskr.nr. 2223
Smíðaður: USA 1964, ál
Útgerð: Einar Björn Einarsson
Stærð: 10,2 bt.
Mesta lengd: 10,6 m Skráð lengd: 10,58 m
Breidd: 2,94 m Dýpt: 0,9 m
Vél: Cummins 224 kW, 2012
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 23



Jaki©NN

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. október 2016 var hjólabáturinn Jaki á siglingu með farþega á Jökulsárlóni. Veður: NA 10-12 m/s, súld og þokuloft, skyggni ágætt.

Báturinn var á landleið en þegar hann átti 100-150 m eftir rakst hægra framhjól í klakaspöng undir yfirborðinu með þeim afleiðingum að talsvert högg kom á hann. Við þetta köstuðust farþegarnir fram í bátinn og tveir þeirra slösuðust. Annar únlíðsbrotnaði og hinn tognaði á fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var lónið nokkuð brúnt og ekki sást undir yfirborð þess eins og oftast. Þessi klakaspöng hefði því ekki verið sýnileg og hann hefði siglt í u.þ.b. tveggja metra fjarlægð frá jakanum þegar hann lenti á henni;
- að samkvæmt skipstjóra voru orsök atviksins rangt mat hans á aðstæðum en einnig kom fram að klakasvangir sjást vanalega úr brú bátsins;
- að skipstjórinn vissi ekki hraða bátsins en hann hefði verið minni en venjulega vegna þokuloftsins;
- að venjulega er fylgdarbátur sem markar leið farþegabátsins en í þetta sinn var hann á siglingu í kringum hann þar sem lítið hafði verið af ísjökum á siglingunni. Fram kom hjá skipstjóra að það væri óvenjulegt að klakaspöng liggja langt út frá jökum af þessari stærð;
- að allir farþegar voru í flotbjörgunarbúningum;
- að skipstjórinn hafði mikla reynslu í þessum siglingum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er óvarleg sigling miðað við aðstæður.